

Mannauðsstefna

Ráðningar

- Við leggjum okkur ávallt fram við að ráða til starfa hæft fólk sem hefur metnað til að ná árangri í starfi. Við stöndum faglega að ráðningum í samræmi við jafnréttisstefnu og hæfnikröfur starfanna
- Við ráðum einstaklinga með fjölbreytta hæfni, viðhorf og þekkingu
- Hér má finna þau störf sem eru í boði: <https://jobs.50skills.com/festi/is/>

Starfsþróun og fræðsla

- Áhersla er á að upplifun starfsmanna sé góð frá upphafi og mikil áhersla lögð á góða móttöku nýliða og nýliðafræðslu
- Félagið rekur sinn eigin skóla og er kennsla bæði í formi rafrænnar kennslu og staðkennslu
- Við uppbyggingu öflugrar liðsheildar leggjum við áherslu á fræðslu og starfsþróun.
- Starfsfólk er hvatt til að efla sig og vaxa í starfi með því að taka virkan þátt í fræðslustarfi en starfsfólki stendur til boða fjölbreytt úrval námskeiða, rafræn og hefðbundin
- Starfsfólk er hvatt til að taka frumkvæði og ábyrgð á eigin þekkingu og færni.

Jafnrétti

- Jafnrétti er mikilvægt að hafa í forgrunni í öllum ákvörðunum sem snúa að mannauði og störfum við í samræmi við jafnréttisstefnu
- Jafnlaunastefna tryggir að fyllsta jafnréttis sé gætt á meðal starfsmanna þar sem stuðlað er að jafnri stöðu og virðingu allra. Hver starfsmaður er metin að eigin verðleikum og allir hafi jafn tækifæri í samræmi við lög 86/2018

Upplýsingagjöf

- Áhersla er lögð á markvissa upplýsingagjöf til starfsfólks og að upplýsingum sé miðlað í rétta átt á hverjum tíma
- Aðgengi að upplýsingum er mikilvægt svo starfsfólk geti sinnt starfi sínu vel og náð árangri

Starfsumhverfi

- Áhersla er lögð á að skapa starfsfólki gott og hvetjandi starfsumhverfi þar sem þarfir starfsfólks og viðskiptavina fara saman
- Mikilvægt er að vinnuaðstaða og tækjabúnaður sé eins og best er á kosið og aðstæður leyfa
- Við sköpum starfsfólki starfsumhverfi í samræmi við jafnréttisstefnu þar sem öllum getur liðið vel við dagleg störf og einelti, kynferðisleg áreitni og annað ofbeldi er ekki liðið
- Umhverfismál og samfélagsleg ábyrgð er virkur grunnur hjá okkur með það að leiðarljósi að gera sífellt betur og vinna sífellt að framförum

Menning

- Heilsa starfsmanna er lykilþáttur í velgengni og í samstarfi við Heilsuvernd er sá þáttur lagður að grundvelli með áhersla er á heilsutengdar forvarnir
- Fjölbreytt og skemmtilegt starfsfólk gerir vinnustaðinn eftirsóknarverðan og skemmtilegan. Boðið er upp á fjölda viðburða árlega sem annað hvort er skipulagðir af starfsmannafélagi, starfsfólkinu eða vinnustaðnum
- Starfsandi og líðan starfsfólks er mikilvægur þáttur í starfseminni og vinnustaðgreining er lögð fyrir árlega þar sem mæld er heildaránægja og gripið til aðgerða ef þörf er á